

Nd.

606. Breytingartillögur

[222. mál]

við frv. til l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. 1. töluliður 3. gr. orðist svo:
Eignir Ræktunarsjóðs Íslands og Byggingarsjóðs sveitabæja, eins og þær voru, er þær stofnanir voru lagðar niður.
2. 5. gr. orðist svo:
Á Stofnlánadeildinni hvíla allar skuldbindingar, sem áður hvíldu á Ræktunarsjóði og Byggingarsjóði.
3. Við 23. gr. Fyrir „10%“ í síðari málsg. komi: 25%.
4. Við 31. gr. Í stað orðanna „en að öðru leyti“ komi: og.
5. Við 43. gr. Í stað „eitt ár“ komi: tvö ár.
6. 49. gr. orðist svo:
Nú stofna tveir eða fleiri bændur til félagsbúskapar á eignar- eða ábýlisjörð, einni eða fleiri. Njóta þeir þá sömu réttinda og um nýbýli sé að ræða, samkv. VI. kafla laga þessara, enda hafi þeir búskap að aðalatvinnu og umráð á landi, sem landnámsstjóri metur að við hæfi sé fyrir félagsbúið. Aðilar skulu gera með sér samning, og eftir að landnámsstjórn hefur viðurkennt hann, skal samningnum þinglýst.
7. Í stað 50. og 51. gr. komi ein gr., 50. gr., er orðist svo:
Nú stofna nokkrir bændur til félagsræktunar, eða samtök þeirra, og nýtur þá ræktunin sama stuðnings og ræktun á einstökum jörðum, sbr. 61. gr. tölulið 4. Í samningi um félagsræktun skulu vera skýr ákvæði um afnotarétt lands og ræktunar, eignarrétt eða leiguskiðmála, og skiptingu kostnaðar. Landnámsstjórn setur nánari reglur um efni það, sem um ræðir í þessum kafla.
8. Við 52. gr. (sem verði 51. gr.). Niður falli orðin „og annaðhvort enginn eða nytjalítill gróður komið í staðinn“.
9. Við 53. gr. (sem verði 52. gr.). Síðari málsg. orðist svo:
Til þess að einær ræktun geti notið framlags, ber ráðunaut að fullvissa sig um, að viðunandi árangur hafi náðst, áður en úttekt fer fram.
10. Við fyrirsögn X. kafla. Í stað „grænófóðurverksmiðju“ komi: grænófóðurverksmiðjur.
11. Við 61. gr. (sem verði 60. gr.). Greinin orðist svo:
Grænófóðurverksmiðjur þær, sem nú þegar hafa verið stofnsettar, falla undir lög þessi.
12. Við 62. gr. (sem verði 61. gr.). 6. töluliður orðist svo:
Til grænófóðurverksmiðja, svo sem fé er veitt í fjárlögum til Landnámsins í þessu skyni.
13. Við 63. gr. (sem verði 62. gr.). Síðari málslíður fyrri málsg. orðist svo:
Þar af eigi minna en 7.5 millj. kr. til grænófóðurverksmiðja.
14. Við 74. gr. Greinin falli niður.